

MINNISBLAÐ

Landhelgisgæslan, 5. desember 2022
Tilvísun: M2211-100

Viðtakandi: Haukur Guðmundsson, ráðuneytisstjóri DMR
Sendandi: Georg Kr. Lárusson, forstjóri LHG
Efni: Fjárhagsvandi Landhelgisgæslunnar og fjármögnun


Landhelgisgæslan er afar þakklát Jóni Gunnarssyni, dómsmálaráðherra, og starfsmönnum dómsmálaráðuneytis fyrir að hafa stuðlað að aukningu á fjárveitingum til stofnunarinnar sem tilkynnt var um í vikunni. Um myndarlega fjárhæð er að ræða sem skiptir sköpum fyrir reksturinn og um mikið afrek er að ræða. Því miður dugar þessi rausnarlega upphæð ekki til að rétta af þann halla sem Landhelgisgæslan stendur frammi fyrir.

Á upphafsmánuðum ársins 2022 var ljóst að forsendur rekstraráætlunar Landhelgisgæslunnar væru brostnar (sbr. minnisblað dags 4. apríl). Í kjölfarið áttu sér stað mörg samtöl, minnisblaðskrif og fundir þar sem ráðuneytið leitaði leiða til að bregðast við vandanum. Landhelgisgæslan lagði jafnframt áherslu á að til að eiga tækifæri til að bregðast við vandanum með því að draga úr umsvifum skipti hver mánuður sem liði án breytinga verulegu máli. Meðal annars átti forstjóri Landhelgisgæslunnar fund með dómsmálaráðherra, ráðuneytisstjóra og fleirum úr ráðuneytinu 30. ágúst sl. þar sem dómsmálaráðherra var afdráttarlaus varðandi það að ekki kæmi til greina að stjórnendur Landhelgisgæslunnar gripu til aðgerða sem myndu skerða getu stofnunarinnar til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Um það væru dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra sammála. Rekstrarniðurstaða ársins 2021 var 44,1 m.kr. halli sem rekja má til kostnaðarauka við bráðabirgðaviðgerð á Tý og kaupferlis á varðskipinu Freyju, en um ófyrirséðan kostnað var að ræða í báðum tilfellum.

Ljóst var frá upphafi að nýrra og stærra varðskip yrði dýrara í rekstri en forveri þess, þó upplýsingar um olúeyðslu m.v. hafsvæði og verkefni lægju ekki fyrir með nákvæmum hætti. Ráðast þurfti í töluverða vinnu við að standsetningu til að laga skipið að nýjum verkefnum eins og eðlilegt er. Þá var einnig ljóst að ný heimahöfn hefði í för með sér aukinn kostnað varðandi vöktun og eftirlit, þjónustu við skipið og ferðir áhafna og sérhæfðra tæknimanna. Enginn sá hins vegar fyrir stríðsátökin í Úkraínu og áhrif þeirra á verðlag, ekki síst á eldsneytisverð, sem varð margfalt dýrara en áætlanir gerðu ráð fyrir. Vandinn sem stofnunin stendur frammi fyrir er eftirfarandi að teknu tilliti til 600 millj. hækkunar á fjárheimildum 2023:

Rekstrarniðurstaða LHG	m.kr. Athugasemd
Yfirfærður rekstrarhalli frá árinu 2021:	44.1
Rekstrarhalli ársins 2022 skv. útkomuspá:	279.6 að teknu tilliti til 241,7 m.kr. viðbótar á fjárlög
Aðhaldsaðgerðir:	-30.0 vonumst til að ná hallanum aðeins niður fyrir árslok
Uppsafnaður halli í árslok 2022:	293.7
Kostnaður umfram fjárlög 2023:	185.2
Uppsafnaður halli í árslok 2023:	478.9

Miðað við ofangreint stendur Landhelgisgæslan frammi fyrir því að ekki er hægt að útfæra rekstraráætlun fyrir næsta ár sem skilar rekstrinum inn fyrir ramma fjárlaga. Landhelgisgæslan er að skoða mögulegar leiðir til að ná niður halla næsta árs og vinna á uppsöfnuðum halla, m.a. hefur þegar verið ákveðið að fresta fyrirhugaðri sliptöku á Þór og skoða frekari frestun á endurnýjun



tækjabúnaðar. Þessara aðgerðir munu þó duga skammt og staðan er því snúin ef ekki á að koma til skerðingar á þjónustu Landhelgisgæslunnar. Staðan sem Landhelgisgæslan er nú í er ekki afleiðing óráðsú og eyðslusemi, heldur fyrst og fremst til komin vegna kostnaðar við nýtt varðskip og áhrifa heimsástands á eldsneytisverð. Væntur uppsafnaður halli í árslok 2023, verði ekkert að hafst, nemur að öllum líkindum u.þ.b. 480 m.kr.

Landhelgisgæslan óskar hér með eftir því að ráðuneytið veiti leiðsögn um næstu skref.